

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 15.06.2023

Verkefnaráð	1
Bloomberg verkefni – Fjölbeyging „Mál til komið“ – yfirferð greiningar	2
Fundarumsjónarkerfi Borgarstjórnar – ákvörðun	4
Stafrænar byggingaleyfisumsóknir – BYGG fjör þáttur 2	7
Bókun á verkefnaráðsfundi: Skor verkefna í fylki	10

Verkefnaráðsfundur 15.06.2023

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 31.05.2023
Dagsetning 15.06.2023	Staðsetning Borgartún 12-14.
Mættir: Ásta Þöll Gylfadóttir, Eva Björk Björnsdóttir, Ólafur Óskar Egilsson, Þröstur Sigurðsson, Óskar Sandholt, Tindur Óli Jensson, Nanna Rún Ásgeirsdóttir, Sigurður Rúnarsson, Velina Apostolova,.	
Fjarverandi: Arna Ýr Sævarsdóttir	
Fundarritari: Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Fimmtudaginn, 15. júní 2023, kl. 10:00 – 12:00 – 6.hæð vestur, Stekkur, Borgartún 12-14

10:00 - 10:05 Samstilling
10:05 – 10:20 Bloomberg verkefni – Fjölyngi „Mál til komið“ – yfirferð greiningar: Tindur og Fanny
10:20 – 10:25 Umræður
10:25 – 10:40 Fundarumsjónarkerfi Borgarstjórnar – ákvörðun: Nanna og Siggi
10:40 – 10:45 Umræður
10:45 – 11:00 Stafrænar byggingaleyfisumsóknir - Bygg fjör þáttur 2: Velina
11:00 – 11:05 Umræður
11:05 – 11:55 Skor verkefna í fylki
11:55 – 12:00 Umræður
12:00 Fundi slitið

Bloomberg verkefni – Fjölyngi „Mál til komið“ – yfirferð greiningar

Verkefnið/áskorunin hét áður „Betri gögn fyrir fjölyngd börn“. Farið var yfir áskorunina á verkefnaráðsfundi þann 30.mars síðastliðinn og var niðurstaðan sú að samþykkt var fjármagn í uppgötvunarsprett með tvo starfsmenn úr gróðurhúsi í allt að 3-4 vikur.

Nánari greining fól í sér uppgötvunarfasa sprett með foreldra og fjölyngd börn og upplifun af mismunandi þjónustu af íslenskukennslu og námsframvindu eða skólagöngu. Byggt á þeim spretti, verður endurmótað hvort þetta verði gagnaverkefni og hvaða þjónustuumbreyting kemur upp sem tengist þessu.

Gert er ráð fyrir að útkoman verði betri skilningur á hvað er mikilvægt fyrir fjölyngd börn, og áskoranir gagnvart því að sækja þjónustu til þessa hóps og fylgist með þróun. Hluti af markmiði eru árangursmælikvarðar á útkomuna.

Fjöldi fjölyngdra barna hefur aukist gríðarlega á stuttum tíma, á s.18 árum var rúm tvöföldun í grunnskólum Reykjavíkur (úr 1654 í 3536). Samtímis benda niðurstöður prófa til þess að fjölyngd börn séu ekki að ná æskilegum framförum í íslensku.

Búið er að gera:

- **Forgreiningu/skilgreiningarsprett** og bendir niðurstaðan til að í vegferð fjöltyngdra barna og fjölskyldna þeirra í að læra íslensku liggi margvíslegar samverkandi kerfislægar og persónubundnar áskoranir en að stærstu tækifærin til jákvæðra áhrifa m.t.t raunhæfni breytinga (tímarammi, fjármagn og breytanleika) liggi í að einblína á að styðja við hlutverk foreldra fjöltyngdra barna.

Með verkefninu á m.a að:

- Styðja við hlutverk foreldra fjöltyngdra barna með því að:
- Efla foreldra í hlutverki sínu
- Hjálpa foreldrum að vita hvernig börnum þeirra gengur að læra íslensku
- Hvað þau geta beðið um að sé gert í skólanum og hvað þau geta gert utan skólans til að styðja við tungumálanám þeirra
- Í lok verkefnis á að vera búið að hanna skýra leið/ferli/tól til að miðla foreldrum fjöltyngdra barna stöðu íslenskukunnáttu barna þeirra (hvernig gengur), með skýrum möguleikum á hvað þau geta gert sem foreldrar og hvert þeirra hlutverk sé (hver gerir hvað).

Ávinningur/ábati:

- Áhrif til góðs á fjöltyngd börn í grunnskólum Reykjavíkur, fjölskyldur þeirra og (óbein) áhrif á kennara
- Tengist vel framtíðarsýn SFS um málaflokkinn og meginmarkmið Menntastefnu um að „öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og viðringu fyrir fjölbreytileika mannlífs“.

Markmið

Yfirmarkmið verkefnisins er að valdefla foreldra fjöltyngdra barna með því að veita þeim innsýn í framfarir barns síns, tiltæk úrræði og tól til að styðja við tungumálanám þeirra. Í þessu markmiði felast tvö undirmarkmið:

- Að finna leið til að deila gagnlegum upplýsingum með foreldrum um stöðu íslenskukunnáttu barna þeirra
- Að hanna tól og boðleiðir til foreldra til að auðvelda aðgang að stuðningi við að efla íslenskukunnáttu barna þeirra

Tímarammi: Lok verkefnis fyrir febrúar 2024, 6 mánuðir

Áætlaður kostnaður verkefnis: Bloomberg greiðir laun I teymis. ÞON greiðir laun sinna sérfræðinga af fjárfestingu og SFS greiðir laun sinna sérfræðinga.

Óskað er eftir:

- Samþykkt á fjármögnun frá ÞON uppá 3-4 starfsmenn yfir 6 mánaða tímabil
- Fá að koma aftur með kynningu í lok september þegar uppgötvun er lokið

Tegund verkefnis: Umbreytingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 15.06.2023: 3 2 5 4 5 5 3,73

Niðurstaða verkefnaráðs:

Komin er frábær greiningarvinna og tillaga að verkefni, komið skýrt markmið og undirmarkmið. Stefnt að því að hafa skýrt mótað verkefni, þar sem allir hagsmunadilar eru vel upplýstir ásamt þörf fyrir teymi og tímalínu í september. Áætlað er að ekki þurfi stórt teymi, en um það bil 3-4 starfsmenn. Varðandi tímalínu og hvað verði lokið á 6 mánuðum, þá er stefnt að því að gera frumgerðir og prófanir þannig að ákveðið verði að lágmarki nákvæmlega hvað eigi að gera og sýn á það, en ef það felur í sér stafræna lausn þá fer það eftir hvort við eigum tilbúna lausnir eða hversu umfangsmikið þurfi að þróa.

Fullur stuðningur við verkefnið, frábært verkefni og þjónustuaukning fyrir þennan notendahóp.

Nr.	Ákvörðun
1	Fullur stuðningur, frábært verkefni og mun vera alveg frábær þjónustuaukning fyrir þennan notendahóp.
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir framleiðanda um að verkefni sé samþykkt áfram og afhent til deildarstjóra umbreytinga sem tekur það áfram með framleiðanda	EBB	x
2			

Aftur í efnisyfirlit

Fundarumsjónarkerfi Borgarstjórnar – ákvörðun

Forsaga:

2018 var útboð nr.14228 sem sneri að því að auka nýtingarmöguleika borgarstjórnarsalarins og uppfæra tækjabúnað. Exton átti hagstæðasta tilboðið.

Við innleiðingu kerfis kom í ljós að samstarfsaðili Exton í Hollandi, gat ekki uppfyllt kröfur sem gerðar voru í útboðinu. Samkvæmt samkomulagi Reykjavíkurborgar og Exton ehf. var samningi rift árið 2019 en Reykjavíkurborg hélt öllum vélbúnaði ásamt hluta af hugbúnaðarlausn.

Farið var í nýtt útbóð er varðaði tæknilega þjónustu funda nr. 14705 árið 2020 sem sneri að tæknilegri þjónustu við fundi borgarstjórnar – Skjáskot varð hlutskarpast í því útbóði.

Skjáskot vann svo skýrslu í samstarfi við starfsfólk SBS um flæði funda, þarfir og væntingar. Svo kom COVID.

Í lok síðasta árs kom svo bréf frá forsætisnefnd sem samþykkti að fela ÞON að útfæra stafræna lausn fyrir atkvæðagreiðslur og mælendaskrá á fundum borgarstjórnar.

Búið er að gera:

- Þarfagreiningu – skýrsla Skjáskots
- Kerfi á markaði skoðuð
- Fundað með vefteymi, Hlöðuteyminu, þjónustuaðila Televic, skýrsluhöfundum, starfsm. útsendingar, sérfræðingi Alþingis, reglubundnir fundir og samráð við SBS
- Útbóðsgögn Alþingis-þingmannagátt

Með verkefninu á m.a að:

- Koma á rafrænum atkvæðagreiðslum og sjálfvirknivæða til muna fundarumsjón.
- Í kosningu að fólk þurfi ekki að rétta upp hönd og atkvæði handtalin. Að fólk þurfi ekki að biðja um orðið með handabendingum.
- Minnka mikla handavinnu fundarumsjóna, gera hana sjálfvirkari með betri kerfum.

Þarfir: Rafræn atkvæðagreiðsla, birting kosninga, skráning á andmælendaskrá, stjórnun tímalengdar, breytingar á mælendaskrá, gefa fólki orðið, vörpun upplýsinga á innri vef, sagan aðgengileg að fundi loknum, t.d. hvenær fólk var skráð inn, hvenær það yfirgaf og hvað það kaus, möguleg tenging við upplýsingakerfi borgarinnar.

Ávinningur/ábat:

- Sparnaður í tíma starfsmanna, minni villuhætta við talningu atkvæða.
- Spara vinnutíma með aukinni sjálfvirknivæðingu og hagræðingu.
- Betri þjónusta við borgarfulltrúa.

Lagðar fram þrjár tillögur:

Megin grundvöllur tillagna snýr að því að fá annars vegar aðgang að kóða í kerfi Alþingis eða þróun á eigin kerfi. Kaup á hilluvöru er ekki lögð til vegna:

- Reynsla Reykjavíkurborgar af fyrra útbóði, reynsla Alþingis og lausnir leiðandi fyrirtækja á markaði sem snúa að fundarumsjón.

Ákvörðun verkefnaráðs



Leið A + Leið C Borgarstýrið		Leið B + Leið C Þróun frá grunni/Umbreyting		Leið C Televic	
Endurnýta kóðann frá Alþingi - Stýru og aðlaga að okkar þörfum <ul style="list-style-type: none"> Kanna vilja Alþingis til að gefa okkur kóðann að Stýru Framkvæma verðfyrirspurn og senda eingöngu á Prógramm Stefnt er að að heildarkostnaður verði undir 15,5 Tímalengd 12-24 mánuðir 		Þróa fundarumsjónarkerfi frá grunni <ul style="list-style-type: none"> Möguleg markaðskönnun, svo DPS útboð og svo þróun frá grunni/umbreyting Áætlaður kostnaður um 100* + milljónir Tímalengd 36 – 48 mánuðir 		Koma á rafrænni atkvæðagreiðslu en láta annað biða og loka verkefni <ul style="list-style-type: none"> Nýta Televic hljóðnemana ásamt grunn hugbúnaði, en bæta við <u>import/export</u> leyfi og koma á rafrænni atkv. greiðslum Sumar 2023 	
KOSTIR	GALLAR	KOSTIR	GALLAR	KOSTIR	GALLAR
<ul style="list-style-type: none"> Nýting á umfangsmikilli þróunarvinnu Alþingis Minni kostnaður + tími Aðlagað að kröfum borgarstjórnar Mikill áhugi starfsfólks SBB Sviptö fundarskóp og flækjustig hjá Alþingi Prógramm þekkir og skilur væntingar + fundarskóp Víðbótarmöguleikar umfram útlitastáðar kröfur Skýjalausn 	<ul style="list-style-type: none"> Detting inn í hugmyndafræði Alþingis og þurfum að endurhugsa hana Villur og tæknilegar aðlaganir sem Alþingi er búið að leysa, dúkka upp óleyst Óvissa með kostnað v. aðlögunar. Prógramm? 	<ul style="list-style-type: none"> Hugsað alfarið útfra þörfum Borgarstjórnar, engin orka í sveigja framhjá óþarfa úr Stýru Myndi tæknilega falla alveg að okkar tæknistakki Setja upp alla hugmyndafræði Alþingis 	<ul style="list-style-type: none"> Ekki vilji SBB Þróun er bæði tímafrek og kostnaðarsöm Óvissa um hver fengi verkið og þá hve langan tíma það tæki fyrir þann aðila að setja sig inn í umhverfi og þarfir 	<ul style="list-style-type: none"> Ódýrt og fljótlegt 	<ul style="list-style-type: none"> Ekki vilji SBB Uppfyllir engar þarfir er varðar mælendaskrá og aðra sjálfvirkni fundarumsjónar Víðheldur tímafrekum vinnuáferðum og auknum mannafla sem sinnir fundarumsjón

Kynntar A, B og C.

Leið A er að endurnýta kóðann frá Alþingi.

Farið hefur verið í heimsókn og óformlega verið kannaður vilji til að deila kóðanum og tekið var mjög jákvætt í það. Ferlin og hugmyndirnar og áskoranir eru þær sömu og dýrmætt að nýta það fyrir Reykjavíkurborg. Það samræmist einnig stefnu borgarinnar og ríkisins að auka samstarf þegar tækifæri gefast. Verkefnastjóri og upplýsingatækniarkitekt hafa tekið samtalið, en óskað er eftir formlegri beiðni frá stjórnendum ÞON til Alþingis um að nýta lausnina, en sýndur hefur verið mikill vilji til samstarfs.

Verkefnið sjálft var staðfest með formlegri beiðni frá forsætisnefnd haustið 2022 eftir að fyrra verkefni hafði staðnað í covid, og þar sem útboð hafði ekki skilað þeim árangri sem vonast var eftir. Þó þarf að fara heimildarbeiðni til borgarráðs þegar næsta skref hefur verið ákveðið. Ekki hefur verið kafað ofan í kóðann sjálfan, en vænta má að þurfi að aðlaga hann eða þróa að einhverju leiti að okkar tæknistakk eða aðgangsveitingu.

Leið B er að þróa fundarumsjónarkerfi frá grunni. Því fylgir mikill tími, kostnaður og óvissa.

Leið C – er ekki fullnægjandi fyrir verkkaupa, út frá upphaflegum þörfum. Það er hinsvegar umfangslítið og væri hægt með skjóttum hætti og litlum tilkostnaði að leysa hluta áskorunarinnar með rafræna kosningu á meðan unnið er í þáttum sem snúa að leið A og munu taka tíma að útfæra.

Tímarammi: 10.1.2023 – 15.9.2024 (samþykkt á fundi 15.11.2022).

Áætlaður kostnaður: Ekki ljóst fyrr en liggur betur fyrir hvaða leið verður farin.

Óskað er eftir að: Verkefnaráð taki afstöðu til þessa þriggja leiða sem kynntar hafa verið.

Tegund verkefnis:

Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 15.11.22: 3 4 1 3 3 5 2,73

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnaráð leggur til að farin verði leið A+C.

Verkefnastjóra falið að halda áfram með verkefnið og þá þætti sem hægt er að leysa úr strax og fær stuðning stjórnenda til að kanna möguleikana í hinni lausninni.

Sviðsstjóri ÞON (eða annar til þess bær aðili) sendir formlega beiðni til Alþingis um nýtingu á kóða/hugbúnaði til aðlögunar fyrir Reykjavíkurborg.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnaráð styður að þetta fari áfram með háum forgangi.
2	Verkefnaráð styður leið A + C

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskrárstjóri upplýsir verkefnastjóra um niðurstöðu	EBB	x
2	Sviðsstjóri sendir formlega beiðni til forseta Alþingis um samnýtingu á kóða/hugbúnaði til aðlögunar fyrir Reykjavíkurborg	ÓJS	
3	Verkefnastjóri leiðir og að farið verði í leið C strax og hægt er.	NÁ	

Aftur í efnisyfirlit

Stafrænar byggingaleyfisumsóknir – BYGG fjör þáttur 2

Það eru nokkur atriði sem standa útaf eftir að BYGG-fjör teymið afhenti USK rafrænar byggingarleyfisumsóknir.

- Fyrirspurn til byggingarfulltrúa og fleiri umsóknir (Mínar síður)
- Beiðni um byggingarstjórnarskipti og iðnmeistaraskipti (Mínar síður)

- Endurgerð upplýsinga á vef (vefteymi + hönnuðir)
- Customer journey/service blueprint (forgreining)

Umsókn um byggingarleyfi á mínum síðum

Hvernig lítur framtíðin út?

Vörustjóri frá USK, Hlöðuteymið, þjónustuver og stafrænn leiðtogi eru að vinna í því að lagfæra hin ýmsu vandamál sem hafa komið upp í innleiðingunni, hvort sem þau eru tæknileg eða tengd verklagi og þjónustu. Það er þó ljóst að hendur okkar eru að miklu leyti bundnar hvað varðar þróun á HMS gáttinni sem umsóknirnar berast í gegnum.

HMS hefur misst talsvert af því starfsfólki sem hafa verið tengiliðir og samstarfsaðilar okkar í þróun verkefnisins um rafrænar byggingaleyfisumsóknir. Í framhaldi hafa undanfarið borist breyttar upplýsingar um líftíma vörunnar sem þau halda utan um þróun á. Þau hafa sagt hart nei við ýmsum óskum og kröfum um þróun eða breytingar frá Reykjavíkurborg og takmarkar það verulega þá áframþróun sem alltaf stóð til að ítra í kjölfar þess að umsókn var sett í loftið. Borgin er með samning við þau út 2024 en óljóst virðist hvað þau hafa ætlað sér að gera, ekki er vitað til þess að önnur vara sé í þróun né hvað taki þá við. Samstarfið hefur gengið erfiðlega, tveir starfsmenn í hlöðuteymi ÞON eru að halda utan um þau atriði sem þarf að lagfæra og væri eðlileg áframþróun, en Hugvit heldur utan um þróun bæði á HMS gáttinni og Hlöðuna og nær ekki að sinna þörfinni þrátt fyrir kröfur. Ekki er skýr sýn á hvað HMS ætli sér að gera til lengri tíma og í upphafi næsta árs verður væntanlega þörf á ákvörðun borgarinnar um hvað skuli gera til lengri tíma.

Í dag er verið að ítra núverandi ferli og þjónustu hjá Byggingarfulltrúa, sem áframhald og áframþróun annarra ferla og umsókna sem einnig eiga að verða rafrænir sem allra fyrst.

- Verið er að gera nýtt service blueprint til að ná vel utan um nýja ferlið með starfsfólki byggingarfulltrúa, skrifstofu þjónustu og samskipta og unnið í samvinnu við stafrænan leiðtoga USK.
- Uppfæra þurfti mikið af upplýsingum á vef og á mínum síðum til að vera í takt við nýtt ferli.
- Ýmis virkni og umsóknir eru enn á pappír hjá byggingarfulltrúa. Í dag er t.d. hlekkur á pdf eyðublað á mínum síðum sem þarf að sækja, fylla út og senda handvirkt inn í tölvupósti/á pappír. Þessir ferlar hafa verið kortlagðir, bæði skrefin og allar þarfir um uppfléttingar eða annað.
- Myndum vilja koma þessum ferlum í rafrænt form af mínum síðum sem myndu skila sér í hlöðuna til að hægt sé að vinna með þá þar og svara beint.
- Einn af þessum ferlum er umsókn um byggingarheimild, þjónusta með umfangsminni framkvæmdir - ný lög frá 2021 en höfum ekki uppfyllt skyldu okkar að vera með leið til að sækja um það með sérstakri umsókn. Það veldur m.a. óvissu, símtölum og skekkju í umsóknum um byggingarleyfi þar sem þarf að meðhöndla og úrskurða að ekki þurfi leyfi heldur heimild.

Mikið af kortlagningu og skilgreiningu er lokið, en skoða þurfti hvort þetta gæti verið ein umsókn í mínum síðum og skilað sér á mismunandi staði í hlöðunni eða jira. Til þess þarf tæknilegan skilgreiningarfasa með fulltrúum frá mínum síðum. Þetta þurfti að komast á, eða mögulega ofar á backlog hjá mínum síðum, en fyrst væri hægt að fá framleiðanda og þjónustuhönnuð til að teikna upp þjónustuferlið.

Búið er að gera:

- Stafrænar byggingarleyfisumsóknir – Bygg fjör verkefnið
- Kortleggja hvaða upplýsingar þurfa að koma fram, hvaða reitir þurfa að vera til staðar og hvað virkni þarf að vera til staðar í umsóknarforminu (t.d. uppfletting í Fasteignaskrá o.fl.).

Með verkefninu á m.a. að: Þar sem umsóknir um byggingarleyfi og öll almenn umsýsla með umsóknir og gögn hjá byggingarfulltrúa er orðin rafræn er ósk um að:

- Færa ákveðnar umsóknir yfir á rafrænt form á mínum síðum, þ.e. fimm ný umsóknarform inná mínar síður
- Að upplýsingar á vef verði uppfærðar til að tryggja að leiðbeiningar og upplýsingar séu réttar miðað við nýja þjónustu
- Að umsóknirnar og meðfylgjandi gögn berist til byggingarfulltrúa í gegnum Hlöðuna/Smíðjuna
- Að móttöku- og úrvinnsluferlar hjá byggingarfulltrúa séu uppfærðir, fimm talsins

Ávinningur/ábati:

- færa þjónustu frá pappír yfir á rafrænt form
- Samræmi í þjónustu fyrir borgarbúa/umsækjendur (allt rafrænt og allt á sama stað)
- Betri leiðbeiningar og gegnsærra ferli
- Minni pappír
- Minni handavinna og minni tími sem fer í umsýslu umsókna
- Færri bílferðir í Borgartún og færri heimsóknir í þjónustuver

Tímarammi: Liggur ekki fyrir

Áætlaður kostnaður: Liggur ekki fyrir

Óskað er eftir:

Óska eftir því að eftirfarandi umsóknir fari í vinnslu hjá Mínum Síðum:

- Fyrirspurn til byggingarfulltrúa
- Tilkynning um framkvæmd
- Umsókn um stöðuleyfi
- Umsókn um byggingarheimild
- Beiðni um úttekt

Óska eftir stuðningi frá þjónustuhönnuði og textasmið við gerð umsókna og upplýsinga/leiðbeininga á vef.

Tegund verkefnis:

Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags 15.6.2023: 5 5 5 5 2 4,80

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnaráð leggur til þann möguleika að:

1. Leysa einfaldari ferlin sem eru á pappír strax með því að setja upp einfalt form á vefsíðu strax á næstu vikum, með stuðningi vefdeildarinnar.
2. Samhliða því - þjónustuhanna formin og setja á backlog.
3. Verkefnið fari á backlog hjá teymi fyrir Mínar síður sem útfæra ferlana ss. umsókn gegnum mínar síður sem skila sér í hlöðuna. Sú tenging er til, en kortleggja þarf hvað þarf að koma fram/uppflettingar og annað.

Verkefnaráð styður og hvetur til að farið verði í einföld skref sem hægt verði að gera strax á meðan undirbúningur fer fram að næstu skrefum.

Nr.	Ákvörðun
1	Fyrst verði farið í vefform á vefsíðunni
2	Fá þjónustuhönnuð og framleiðanda til að rýna/hanna form og upplifun
3	Setja á backlog hjá mínum síðum

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga um niðurstöðu	EBB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra umbreytingar	EBB	x
3	Verkefnaskráarstjóri upplýsir vörustjóra f. mínar síður	EBB	x
4.	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vefdeildar / scrum master RVK.is	EBB	x

[Aftur í efnisyfirlit](#)**Bókun á verkefnaráðsfundi: Skor verkefna í fylki**

Farið var yfir skor verkefna í fylkinu.

[Aftur í efnisyfirlit](#)**Næsti fundur**

Næsti fundur verkefnaráðs PON verður haldinn 31.ágúst 2023.

